

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Guðrún Pálsdóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir og Júlía Þorvaldsdóttir.

Afboða, mæta ekki : Árni Stefánsson

Fundur 02.06 2026 settur kl. 18.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

1. Mót og starfsemi

- a. Íslandsmeistaramót aldursflokka í sundi (AMÍ) verður haldið í Reykjanesbæ dagana 19.-21. júní. Undirbúningur við mótið gengur vel og mönnun á mótið komin vel á veg. Skipulag mótsins er í höndum mótanefndar SSÍ í nánú samstarfi við öflugt fólk innan ÍRB.
- b. Næstu mót eru svo SMÍ 27.-28. júní í Ásvallalaug og Íslandsmeistaramótið í víðavatnssundi 22. júlí. Framkvæmdastjóri, formaður og mótastjóri hitta aðila frá Sjó til að skýra línur í hver er mótshaldari og hver ber ábyrgð á kostnaði, tekjum os.frv.
- c. Farið var yfir tillögur nefndar sem skipuð var á síðasta fundi um hvernig leysa á starf yfirmanns landsliðsmála eftir að Eyleifur Jóhannesson mun láta af störfum 1. ágúst n.k. Tillagan gengur út á að koma með skammtímalausn til að skapa samfellu í störfum Eyleifs út næsta sundár og að samhliða fari fram stefnumótun innan hreyfingarinnar um hvert stefna eigi í þessum málum. Tillagan var samþykkt og næstu skref verða tekin af nefndinni í samvinnu við stjórnarfólk.
- d. Formaður og framkvæmdastjóri hittu aðila frá Sundfélaginu SH þann 25. maí s.l. en þau vildu vita næstu skref varðandi hvernig fylla ætti skarð landsliðsþjálfara enda eiga þau marga iðkendur á efsta stigi íþróttarinnar. Fundurinn var gagnlegur og við komum til skila í hvernig ferli málið væri statt og að hreyfingin fengi að fylgjast með hvernig mál myndu þróast.
- e. Formaður, mótastjóri og framkvæmdastjóri hittust yfir kerfismálum í framhaldi af síðasta fundi og fóru nánar yfir tölur og hvernig kerfisbreytingin færi fram. Stefnt er að því að gera þetta með haustinu og gera þetta með skipulögðum hætti. Framkvæmdastjóri heyrir í bókara vegna bókhaldskerfa sem eru með í yfirfærslunni.
- f. Erindi barst vegna myndatöku á sundmótum og birtingar á þeim og mótanefnd mun setja um það staðlaðan texta í tilkynningu móta að það sé myndataka á mótum og fólk þurfi að biðja um að ekki séu teknar myndir af einstaklingum sé þess óskað.
- g. Það hafa komið fyrirspurnir til SSÍ um að halda innanfélagsmót til að ná lágmörkum á AMÍ. Stjórn SSÍ bendir á reglugerðir um mótið og hvernig hægt er að ná lágmörkum á það og eru því mður engar undantekningar gerðar á því.

2. Afreksmál

7.-11. maí: Taastrup Open keppnisverkefni Framtíðarhóps

12 keppendur tóku þátt í mótinu og árangurinn var góður og 6 ný mótsmet voru slegin af ÍSL. Hópurinn stóð þétt saman og veitti hvort öðru góðan stuðning. Nýja hótelið reyndist frábær ákvörðun, þar sem allar máltíðir voru á hótelinu í stað laugarinnar eins og áður. Ferðin endaði á blautum en góðum degi í miðbæ Kaupmannahafnar. Allt gekk smurt fyrir sig undir góðri stjórn frá Bjarneyju sem var fararstjóri, Daníeli Lúkasi og Hilmar Smára, þjálfurum hópsins.

11.-12. maí: NSF Sport Directors and Coaches Meeting í Kaupmannahöfn

Eyleifur tók þátt í árangursríkum fundi með samstarfsaðilum frá Norðurlöndunum. Dagskráin og umræðurnar voru mjög góðar. Fyrri dagurinn hófst á hádegi með fyrirlestri frá Kristian Kjærgaard hjá Team Danmark um íþróttasálfræði og uppbyggingu íþróttafólks. Eftir fyrirlesturinn voru leyst verkefni í minni hópum og kynnt í lok hópavinnu. Úr þessari vinnu kom tillaga fyrir NSF fund í september um menntunarplatform fyrir NSF þjálfara og sundfólk. Seinni dagurinn hófst á kynningum frá hverju landi um starfsemi þeirra, áskoranir og árangur. Einnig var rætt um aukið samstarf þjóðanna í framtíðinni.

12.-22. maí: Háfjallaæfingabúðir í Andorra

Eyleifur tók þátt í háfjallaæfingabúðum með Snæfríði í Andorra. Snæfríður hafði farið upp í fjöllin 29. apríl. Eyleifur var aðstoðarþjálfari Tom Rusthon, þjálfara Team World Wide, hóps atvinnumanna í sundi. Eyleifur stýrði síðustu tveimur dögum búðanna. Að æfingabúðum loknum hélt Eyleifur til London, en Snæfríður tók þátt í Mare Nostrum mótunum í Mónakó og Canet. Þrátt fyrir þunga æfingu í fjöllunum gaf mótariðin henni dýrmæta keppnisreynslu.

22.-26. maí: AP Race International keppnisverkefni landsliðshópa SSÍ

22 keppendur tóku þátt í þessu stóra alþjóðlega móti með yfir 1000 keppendur, þar á meðal margt af besta sundfólki heims. Denas Kazulis setti nýtt unglingamet í 100m skriðsundi á tímanum 51.42, sló met Arnar Arnarsonar frá 1999. Snorri Dagur Einarsson synti undir lágmarki fyrir HM25 í Beijing í 50m bringusundi á tímanum 27.71. Nokkrar góðar bætingar komu á mótinu og sundfólkið fékk reynslu í að synda til úrslita á kvöldin. Mótið var mjög vel skipulagt og umgjörðin frábær. Samstarfið var til fyrirmyndar, þökk sé Bjarney fararstjóra, Dadó og Steindóri þjálfurum fyrir þeirra störf.

Verkefni framundan

- **29-30. júní Norðurlandsmót Æskunnar í Osló**

3 keppendur taka þátt í mótinu og Marzena Kempisty fararstjóri og Daníel Lúkas þjálfari.
Búið að panta flug og hótél, gengið verður frá skráningum í greinar og upplýsingabréfi fyrir miðjan júní.

- **7-12. júlí Evrópumeistaramót Unglinga í Munchen**

6 keppendur taka þátt í mótinu og Bjarney fararstjóri, Dadó þjálfari og Hlynur sjúkrapþjálfari.
Búið að panta flug og hótél, skráningarferlið í gangi og upplýsingabréf sent út 2 vikum fyrir brottför.

- **13-26. júlí Æfingabúðir fyrir EM50 hópinn á Mallorca.**

10 manna EM50 hópur tekur þátt, Eyleifur fararstjóri, Dadó – Kjell – Mladen Steindór þjálfarar. Hólmfríður verður nuddari frá 16. júlí. Hólmur og Vala koma með henni í búðirnar eftir EMU.
Búið að ganga frá flugi, hóteli og æfingaaðstöðu. Skipulag æfingabúðar verður klárað í lok júní.

- **10-16. ágúst Evrópumeistaramótið (EM50) í París (valið eftir ÍM50)**

10 keppendur taka þátt, nuddari verður Hólmfríður, þjálfarar Dadó og Steindór. Eyleifur tekur þátt í mótinu sem yfirþjálfari, kemur beint frá Kaupmannahöfn einum degi á eftir liðinu.

3. Fundargerðir innan SSÍ

Farið var yfir fundargerðir dómaranefndar nr. 143

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
14.05.2026	Coach conference swimming	EA
18.05.2026	Sumarfjarnám ÍSÍ	VS/ÍSÍ

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum				

6. Staðfesting meta / afreka

Unglingamet

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m skriðsund	Denas Kazulis	ÍRB	00:51.42	25.05.2025	London

7. Önnur mál:

Engin önnur mál

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 19.40